

Geymslurnar úr 6.000 í 90.000 tonn

SAMSKIP hafa keypt frystigeymslur í þremur löndum auk sjávarútvegstengdrar starfsemi af hollenska flutningafyrirtækinu Kloosterboer. Frystiflutninga- og geymslutarfsemi verður sameinuð frystiflutninga- starfsemi Samskipa og verður félagið eftir kaupin eitt af leiðandi fyrirtækjum Evrópu í þjónustu við sjávarútveginn, með frystiskip, frystigeymslur, löndunaraðstöðu og gámaflutningastarfsemi. Frystigeymslupláss félagsins fer við þetta úr 6 þúsund tonn á Íslandi í 90 þúsund tonn í Færeyjum, Noregi, Hollandi og Íslandi. Jafnframt er stefnt á enn frekari markaðshlutdeild í frystiflutningum í Eystrasaltslöndunum og Asíu.

„Nú getum við jöfnum höndum boðið upp á landanir úr frystitögurum og vinnsluskipum á Íslandi, í Færeyjum, Noregi og Hollandi, sem og geymslu alls kyns frystiafúrða,“ segir Ólafur Ólafsson, starfandi stjórnarformaður Samskipa.

■ Samskip/12

Essó hækkar bensínið

OLÍUFÉLAGIÐ hækkadi verð á bensíni, dísilólíu og gasólíu um kr. 1,50 í gær vegna þróunar heimsmarkaðsverðs síðustu vikna. Ódýrast er bensínið í Essó express í Hæðarsmára á 100,50 kr. lítrinn og 47,30 kr. dísil. Skeljungur og Olís boðuðu ekki hækkun á heimasíðum sínum í gær. Ódýrast er bensínið hjá Olís í Hafnarfirði á 102,40 kr. lítrinn og 49,20 kr. dísil. Hjá ÓB er bensínlítrinn á 100,50 kr. og dísil á 47,30 kr. Lægsta bensínverð hjá Skeljungu er 101,50 lítrinn og 47,70 kr. dísil. Hjá Orkunni er ódýrast 98,40 kr. lítrinn af bensíni og 45,30 kr. dísil. Atlantsólía býður bensínlítrann á 100,50 kr. og dísil á 47,30 kr.

Framkvæmdum við flutning Hringbrautarinnar miðar vel



Morgunblaðið/Porkell

Umferð á syðri akbraut í lok maí

FRAMKVÆMDIR við færslu Hringbrautar eru á áætlun. Að sögn Daníels Gunnarssonar, verkstjóra hjá Háfelli, sem er annar af tveimur aðalverktökum ásamt Eykt ehf., er stefnt að því að hleypa umferð á syðri akbrautina í lok maí, þ.e. í akstursstefnu til austurs. Mánudí síðar verður hin akbrautin tekin í notkun. Áætluð verklok eru í október.

Vegfarendur um Hringbraut mega gera ráð fyrir töfum á umferð í sumar við gatnamót Miklubrautar og Snorrabrautar vegna framkvæmdanna sem nánar verða auglýstar síðar. Að sögn Daníels er áætlað að um 50 manns starfi við verkið í sumar.

Gamla Hringbrautin sem þjónað hefur sem ein af stofnbrautum Reykvíkinga mun í framhaldinu fá nýtt hlutverk. Að sögn

Daníels er gert ráð fyrir að rífa upp aðra akbrautina og að gamla Hringbrautin verði í framtíðinni tvístefnugata á kaflanum milli Tjarnarinnar og Snorrabrautar og þjóni nærliggjandi hverfum.

Hér sést hvar verið er að undirbúa akbrautirnar undir malbikun. Göngubrautir yfir Hringbrautina verða tvær, sú sem hér sést í Vatnsmýri og við Læknagarð.

Vill að Norðmenn hætti kolmunnaveiðum

Helmings niðurskurður lagður til á veiðunum í ár

NORÐMENN eiga þegar í stað að hætta veiðum á kolmunna, en þeir eru búnir að veiða um ríflega 60% af þeim afla, sem norska hafrannsóknastofnunin og Alþjóðahafrannsóknaráðið telja óhætt að veiða á þessu ári. Þetta er mat Friðriks J. Arngrímssonar, framkvæmdastjóra LIÚ. Samkvæmt nýjustu mælingum á kolmunnastofninum hefur hann dregið saman um 25% frá því í fyrra.

Rúmlega tvær milljónir tonna hafa verið veiddar af kolmunnum síðustu árin og eru Norðmenn þar langstórtækastir. Ekkert samkomulag hefur verið um veiðarnar og hafa veiðihjóðirnir selt sér sjálfðæmi við úthlutun veiðiheimilda. Kolmunnaafli Íslendinga varð mestur árið 2003, um 500.000 tonn, en í fyrra veiddust 420.000 tonn. Kvótinn í ár er 345.000 tonn. Norðmenn hafa þegar veitt um 620.000 tonn, sem er yfir 70.000 tonnum meira en í fyrra.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LIÚ, segir þetta slæma stöðu, en hún komi svo sem ekkert á óvart. Það hafi verið veitt allt of mikið af kolmunna og alls ekki tekizt að ná samkomulagi um stjórnun veiðanna. Íslendingar hafi lýst sig tilbúna til að takmarka veiðarnar og liður í því sé ákvörðun um 345.000 tonna kvóta. Menn verði nú



Morgunblaðið/Ágúst

Kolmunninn er kviðskorinn, flakaður og frystur en myndin er frá kolmunnaveiðum hjá Síldarvinnslunni í Neskaupstað.

að taka sig saman og grípa til viðeigandi aðgerða og að sjálfsögðu ættu Norðmenn að hætta veiðunum þegar í stað. Þeir séu komnir í ríflega 60% af því sem ráðlagt er að verði veitt. Staðan hjá íslensku skipunum

se allt önnur því þau hefji ekki veiðar eins snemma og þau norsku vegna loðniveiðanna. Því sé afli okkar aðeins um 30.000 tonn núna.

■ 25% samdráttur/11

Í kakó til mömmu heima á Íslandi?

Íslenskur forstjóri í Noregi brá á leik og sagðist ætla að synda til Ameríku

Eftir Kristján Geir Pétursson kristjan@mbl.is

JÓN S. von Tetzchner, forstjóri norska hugbúnaðarframtækisins Opera, skellti sér í ískaldan sjóinn í Óslóarfirði í gær og hóf að synda til Íslands. Reyndar buslaði hann ekki nema fáeina metra út fjörðinn, en hann hafði tilkynnt að hann myndi synda til Bandaríkjanna með viðkomu á Íslandi, ef milljón manns yrðu búnir að hlaða niður nýjan Opera 8-netvafra á fyrstu fjórum sólarhringunum frá því hann kom út. Klukkan 9 á laugardagsmorgun höfðu 1 milljón og 50 þúsund aðilar sótt vafrann og varð Jón því að hefja sundæfingar.

Jón er íslenskur í móðurætt og bjó hér til tvítugs. Hann stofnaði Opera Software ásamt öðrum manni árið 1995, en fyrirtækið annast vafrarþjónustu og hefur vaxið hratt undanfarin ár. Á síðasta ári var hann á lista *Business Week* í Bandaríkjunum yfir 25 snjöllustu leiðtoga Evrópu.

Á vefsíðu Opera Software í gær var sagt frá því að hann væri lagður af stað syndandi til Íslands þar sem hann ætlaði að fá sér kakóþolla hjá móður sinni. Forstjórinn, sem var klæddur blautbúningi, var sagður einbeittur og ákveðinn þegar hann gekk út í ískaldan Óslóarfjörð. Með í



för var markaðsstjóri Opera, sem reri á gúmbáti við hlið hans.

„Hefði sett á hann kút“

Móðir Jóns, Elsa Kirstín Jónsdóttir, búsett í Noregi til 23 ára, sagðist fyrst hafa heyrt af uppþæki sonar síns í gær.

„Ég hefði náttúrlega sett á hann kút og utanborðsmótor í hveli ef ég hefði fengið að ráða, það gefur augaleið. Ég vissi ekkert um þetta,“ sagði hún.

„Ég á eftir að spyrja hann að því hvort hann ætli að bjóða mér heim þannig að ég geti tekið þennan fjárans bolla með mér,“ bætti Elsa við hlæjandi.